

AUGLÝSING

67

2. maí

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða og takmörkun á vinnutíma sendisveina í Hafnarfirði, nr. 97 19. júní 1944.

1. gr.

Í 1. mgr. 2. gr. samþykktarinnar skulu falla niður orðin „nema föstudaga, þá skal lokað eigi síðar en kl. 7 síðdegis“.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkv. lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 2. maí 1946.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðrúnar Berg- 68 sveinsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. maí 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Bergsveinsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Guðrúnar Bergsveinsdóttur.

2. gr.

Sjóður þessi, að upphæð kr. 18000.00, er gefinn Kvenskátafélagi Reykjavíkur við fráfall Guðrúnar að tilhlutun eiginmanns og foreldra hennar.

3. gr.

Tilgangurinn með sjóðstofnuninni er að gefa innbú í stofu fyrir kvenskáta í væntanlegri skátahöll.

4. gr.

Stofan beri nafn Guðrúnar. Skal hún búin góðum, íslenskum húsmunum ásamt hljóðfæri o. fl., sem til gagns má verða fyrir skátastúlkur. Húsmunir séu teiknaðir og smíðaðir af vandvirkum iðnaðarmönnum.